



Ársskýrsla 2022



Efnisyfirlit

Töflur	2
Inngangur	3
Nemendur	3
Fjöldi nemenda.....	4
Skipting á námsbrautir	4
Búseta.....	6
Aldursdreifing	6
Grunnskólanemendur	7
Nám og námsframboð.....	8
Brotthvarf	9
Útskrifaðir nemendur	10
Starfsfólk.....	11
Fjármál og rekstur	12
Samstarf	12
Annað	13
Viðauki - Rekstraryfirlit.....	14

Tölur

Tafla 1 Fjöldi nemenda í grunnskólum á Suðurnesjum skólaárið 2022 - 2023	3
Tafla 2 Fjöldi nemenda árið 2022	4
Tafla 3 Skipting nýnema á brautir	4
Tafla 4 Skipting nemenda á brautir á haustönn 2022	5
Tafla 5 Hlutfall nemenda eftir námsbrautum 2018-2022	5
Tafla 6 Búseta nemenda	6
Tafla 7 Fjöldi nemenda á vorönn 2022 og haustönn 2022 eftir aldri	6
Tafla 8 Fjöldi grunnskólanemenda sem taka valáfanga í skólanum	7
Tafla 9 Brotthvarf á vorönn 2022	9
Tafla 10 Brotthvarf á haustönn 2022	9
Tafla 11 Útskrifaðir nemendur árið 2022	10
Tafla 12 Upplýsingar um starfsfólk haustönn 2022	11

Inngangur

Í stefnuskjali skólans eru sett fram þau markmið og leiðir að þeim sem skólinn vill stefna að næstu misseri bæði hvað varðar kjarnastarfsemi og rekstrarþætti.

Í eftirfarandi umfjöllun má finna gögn sem eiga að geta veitt svar við hvernig það hefur gengið.

- *Markmið skólans er að bæta námsárangur og ástundun nemenda þannig að fleiri ljúki prófi á tilsettum tíma (A2).*
- *Efla stuðning og aðhald með nemendum til að draga úr brotthvarfi úr námi (A1).*
- *Nemendur af svæðinu hafi aðgang að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastiga og/eða atvinnulífs (A3).*
- *Auka stoðþjónustu og efla mannauð (A1).*
- *Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tækninámi og jafna kynjadreifingu.*

Nemendur

Nemendur á vorönn 2022 voru 851 í dagskóla. Að auki tóku 97 grunnskólanemendur áfanga í vali, ýmist einn áfanga eða fleiri á einu ári eða önn. Nemendur á vorönn eru venjulega færri en haustönn. Nemendur voru 1000 í dagskóla á haustönn, „kvöldskólanemendur“ voru 9 og grunnskólanemar 106 eða samtals 1115 ef allt er talið.

Allir nýnemar sem sóttu um skólavist fengu inni en nýnemar voru heldur fleiri en árið áður eða 259. Ástæðan er mismikill fjöldi í árgangi milli ára eins og sjá má í töflunni hér að neðan en þar má sjá að nemendum fer fjölgandi sem útskrifast úr grunnskólunum á svæðinu. Það sem vekur jafnan athygli er kynjaskiptingin meðal nýnema en tæp 59% voru drengir en stúlkurnar voru rúmlega 41%. Þetta er í takti við kynjahlutfallið í skólanum en þar er hlutfall drengja 59% og hlutfall stúlkna er 41%.

Hafa ber í huga að mikil fjölgun var á svæðinu umfram það sem spáð hafði verið fyrir tveimur árum en þá var gert ráð fyrir fækkun á næstu árum í hverjum árgangi. Fjöldi í næstu árgöngum samkvæmt tölum frá grunnskólunum á svæðinu frá áramótum má sjá á meðfylgjandi töflu. Af þeim má sjá að það er veruleg fjölgun í næstu árgöngum svo búast má við aukinni aðsókn nýnema í skólann.

Tafla 1 Fjöldi nemenda í grunnskólum á Suðurnesjum skólaárið 2022 - 2023

1. bekkur 2016	2. bekkur 2015	3. bekkur 2014	4. bekkur 2013	5. bekkur 2012	6. bekkur 2011	7. bekkur 2010	8. bekkur 2009	9. bekkur 2008	10. bekkur 2007
350	364	369	342	403	430	397	433	408	390

Alls voru 11 nemendur án kennitölu og eru ekki taldir með í þessum fjöldatölum.

Fjöldi nemenda

Heildarfjöldi á hvorri önn má sjá á eftirfarandi töflu. Þarna kemur ljóslega fram munurinn á fjölda eftir önnum. Ástæðan er meðal annars að hluti nemenda útskrifast um áramót og síðan er alltaf nokkur hópur nemenda sem byrjar að hausti en hættir námi og innritar sig ekki á vorönn.

Tafla 2 Fjöldi nemenda árið 2022

	Vor 2022	Haust 2022
Dagskólanemendur	851	1000
Kvöldskólanemendur	0	9
Grunnskólanemendur	97	106
Alls	948	1115

Skipting á námsbrautir

Það er forvitnilegt að skoða skiptingu nýnema á námsbrautir. Drengir voru fjölmennari en stúlkur í heildina eins og áður er nefnt en aðsókn á einstaka brautir var ólík eftir kyni eins og jafnan áður. Þeim sem innritast á framhaldsskólabrautir hefur heldur fækkað sem bendir til að fleiri séu að uppfylla inntökuskilyrði á aðrar brautir og er það jákvætt. Tæpur þriðjungur nemenda innritaðist á stúdentsbrautir sem er örlítill aukning frá því síðast og þar eru stúlkur í miklum meirihluta. Hlutfall á starfsnáms- og verknámsbrautir hefur aukist frá því sem var og er 23%. Kynjaskiptingin er ójöfn eins og áður en strákar sækja mun meira í starfsnám en stúlkur. Skiptingu nýnema á brautir má sjá í töflunni hér að neðan. Til samanburðar er þar fyrir neðan tafla sem sýnir dreifingu allra nemenda skólans á brautir.

Tafla 3 Skipting nýnema á brautir

Haust 2022	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %	Alls
Framhaldsskólabrautir	72	44	116	49,3%	42,7%	46,59%
Starfsbrautir	11	4	15	7,5%	3,9%	6,02%
Starfsnám	0	2	2	0,0%	1,9%	0,80%
Stúdentsbrautir - bóknám	21	37	58	14,4%	35,9%	23,29%
Stúdentsbrautir - starfsnám	13	8	21	8,9%	7,8%	8,43%
Verknám	29	8	37	19,9%	7,8%	14,86%
Alls	146	103	249	58,6%	41,4%	100,00%

Tafla 4 Skipting nemenda á brautir á haustönn 2022

Braut	KK	KVK	X	Alls	KK %	KVK %	Alls
Framhaldsskólabraut	143	63		206	22,3%	13,6%	18,6%
Starfsbraut	53	20		73	8,3%	4,3%	6,6%
Starfs- og verknám	174	58		232	27,1%	12,6%	21,0%
Stúdentsbrautir - bóknám	126	223	1	350	19,6%	48,3%	31,6%
Stúdentsbrautir - starfsnám	79	28	1	108	12,3%	6,1%	9,7%
Námsbraut fyrir erlenda nemendur	18	13		31	2,8%	2,8%	2,8%
Grunnskóli	49	57		106	7,6%	12,3%	9,6%
Alls	642	462	2	1106	57,0%	41,8%	

Rétt er að geta þess að skólinn hefur fjölgað stúdentsbrautum um þrjár. Þetta skýrir að hluta fækkunina sem kemur fram á starfsnámsbrautum. Annað sem vekur athygli í þessum tölum er kynjaskiptingin. Stúlkur sækja mun frekar í bóklegt stúdentsnám og starfsnám en drengir en þeir sækja mun meira í verknám. Einnig má sjá að hlutfall drengja er hærra á starfsbrautum og á framhaldsskólabrautum en þangað fara þeir sem uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir.

Nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað mjög undanfarið ár en erfitt er að greina það nákvæmlega þar sem ekki er nein slík merking í skólakerfinu. Á haustönn var í fyrsta skiptið boðið upp á sér námsbraut til að mæta fjölda nýrra nemenda af erlendum uppruna og þar var 31 nemandi. Þar var lögð áhersla á að kenna nemendum íslensku svo að það væru meiri líkur á því að þau gætu spjarað sig í framhaldinu og náð að aðlagast betur íslensku samfélagi. Nærri lætur að nemendur af erlendum uppruna séu um 20% af heildarnemendafjöldanum og eru Pólverjar langfjölmennastir. Þeim hefur fjölgað mikið á síðustu árum en þá er rétt að hafa í huga að hlutfall erlendra íbúa er hvergi hærra en á Suðurnesjum eða um fjórðungur af íbúum svæðisins. Nemendur skólans eru af a.m.k. 29 mismunandi þjóðernum og móðurmál þeirra ólík að sama skapi.

Hér að neðan má sjá hvernig ásókn á einstaka brautir hefur verið undanfarin fimm ár. Þar má sjá að nemendum á framhaldsskólabrautum hefur fækkað en nemendum á starfs- og verknámsbrautum hefur fjölgað og einnig stúdentum af þeim brautum.

Tafla 5 Hlutfall nemenda eftir námsbrautum 2018-2022

	2018	2019	2020	2021	2022
Stúdentsbrautir bóknám	33,8%	33,3%	34,5%	30,2%	31,6%
Stúdentsbrautir starfs- og verknám	6,4%	7,1%	8,1%	10,6%	9,8%
Starfs- og verknámsbrautir	15,7%	15,2%	18,0%	20,2%	21,0%
Starfsbrautir	5,4%	6,6%	5,7%	6,6%	6,6%
Framhaldsskólabrautir	24,0%	27,5%	24,0%	21,9%	18,6%
Námsbraut fyrir erlenda nemendur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,8%
Grunnskóli	14,7%	10,3%	9,7%	10,6%	9,6%

Búseta

Allflestir nemendur koma af Suðurnesjum eða 95%. Hafa ber í huga að 2% eru án staðsetningar en þar er um að ræða hælisleitendur og flóttamenn sem eru ekki komnir með fast heimilisfang. Flestir nemendur koma úr Reykjanesbæ eða tæp 70%. Á meðfylgjandi töflu má sjá hvaðan nemendur skólans koma og hver kynjadreifingin er en enginn munur er á dreifingu eftir kyni. Hér verður að hafa í huga að sú breyting sem hefur orðið á fjölda nemenda eftir sveitarfélögum getur stafað af þeirri fjölgun sem orðið hefur á svæðinu en hún hefur ekki verið sú sama í öllum sveitarfélögum.

Tafla 6 Búseta nemenda

Staður	KK	KVK	X	Fj. nem	KK %	KVK %	Alls %
Grindavík	60	39		99	10%	10%	10%
Reykjanesbær	412	276	1	689	69%	68%	69%
Suðurnesjabær	75	55	1	131	13%	14%	13%
Utan	20	12		32	3%	3%	3%
Vogar	22	13		35	4%	3%	3%
Án staðsetningar	10	8		18	2%	2%	2%
Alls	599	403	2	1004	60%	40%	100%

Aldursdreifing

Eftirfarandi tafla sýnir aldersdreifingu nemenda á þessum tveimur önnum sem hlutfall, skipt eftir kyni fyrir báðar annir.

Tafla 7 Fjöldi nemenda á vorönn 2022 og haustönn 2022 eftir aldri

Vorönn 2022							Haustönn 2022						
Fæð.ár	KK	KVK	X	KK %	KVK %	Alls %	Fæð.ár	KK	KVK	X	KK %	KVK %	Alls %
2007	25	3		4,5%	0,8%	3,0%	2008	13	9		2,0%	1,9%	2,0%
2006	23	46		4,1%	11,8%	7,3%	2007	37	48		5,8%	10,4%	7,7%
2005	133	100		24,0%	25,6%	24,6%	2006	154	100		24,0%	21,6%	22,9%
2004	127	81	1	22,9%	20,8%	22,0%	2005	131	100		20,4%	21,6%	20,9%
2003	108	85	1	19,5%	21,8%	20,4%	2004	115	79	1	17,9%	17,1%	17,5%
2002	53	16		9,5%	4,1%	7,3%	2003	73	58	1	11,4%	12,6%	11,8%
2001	30	12		5,4%	3,1%	4,4%	2002	37	11		5,8%	2,4%	4,3%
2000	9	7		1,6%	1,8%	1,7%	2001	19	12		3,0%	2,6%	2,8%
1999	7	5		1,3%	1,3%	1,3%	2000	9	6		1,4%	1,3%	1,4%
Eldri	34	34		6,1%	8,7%	7,2%	Eldri	46	34		7,2%	7,4%	7,2%
Án kennit.	6	1		1,1%	0,3%	0,7%	Án kennit.	9	5		1,4%	1,1%	1,3%
Alls	555	390	2					643	462	2			

Álíka hlutfall er í þrem yngstu aldursflokkunum sem er eðlilegt en síðan dregur úr því eftir því sem nemendur eldast. Það er eðlilegt þar sem þeir útskrifast flestir eftir þriggja ára nám og síðan er eitthvað um nemendur sem gera hlé á námi. Einnig er líka mikil breidd í nemendahópnum sem veldur því að ekki eru allir að ljúka námi á sama tíma. Þar má nefna verknám og starfsbraut og þá sem ekki ráða við að ljúka stúdentsnámi á þremur árum.

Það er einnig forvitnilegt að skoða muninn milli kynja og ástæðunni fyrir honum. Eru stúlkur duglegri við að ljúka námi á tilsettum? Eru drengirnir lengur að ljúka námi fara þeir frekar í lengra nám eins og verknám? Er meira brotthvarf meðal drengja á haustönn? Þetta og margt fleira er hægt að velta fyrir sér en þarfnast frekari rannsóknar til að geta greint það (A1). Einnig má sjá að fjöldi hælisleitenda endurspeglast í fjölgum nemenda án kennitölu.

Grunnskólanemendur

Svipaður fjöldi grunnskólanemenda er að sækja nám í skólanum og áður og kynjaskiptingin er mjög ójöfn eins og áður. Hlutfall stúlkna er mun hærra eða rúmlega 60% en drengirnir eru tæplega 40%. Þetta tengist m.a. því markmiði skólans að nemendur af svæðinu hafi aðgang að fjölbreyttu námi, bæði bóklegu og verklegu. Einnig því undirmarkmiði að efla kynningu á verknámi fyrir grunnskólanemendum (A3.1 og A3.3).

Taflan hér að neðan sýnir dreifingu grunnskólanemenda á einstaka áfanga á haustönn 2022 eftir kyni. Þar sést að stúlkur sækja í bóklega áfanga og textíl og hár umfram drengina en þeir sækja meira í verklega áfanga og forritun. Því má segja að valið sé mjög kynbundið. Sú breyting hefur orðið á að spænskuval datt út vegna lítillar aðsóknar og hefur það ekki gerst áður. Hægt er að velta fyrir sér af hverju það er og hvort áhugi á erlendu tungumáli öðru en ensku hefur dalað.

Tafla 8 Fjöldi grunnskólanemenda sem taka valáfanga í skólanum

Haust 2022	KK	KVK	KK %	KVK %	Alls %
ENSK2KO05	4	15	7,7%	23,1%	16,2%
FORR2PH05	11	2	21,2%	3,1%	11,1%
HÚSA1KY05	12	1	23,1%	1,5%	11,1%
RAFG1KY05	14		26,9%	0,0%	12,0%
STÆR2AH05	11	23	21,2%	35,4%	29,1%
TXHÁ1FH05		24	0,0%	36,9%	20,5%
Alls	52	65	44,4%	55,6%	

Nám og námsframboð

Námsframboð skólans er mjög fjölbreytt og má sjá það á vef skólans <https://www.fss.is/is/namid/namsbrautir/namsbrautir>. Alls er hægt að stunda nám á tuttugu og sjö virkum námsbrautum.

Skólinn leggur metnað sinn í að þjóna öllum nemendum af svæðinu og bjóða upp á fjölbreytt nám þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi (A3).

Búið er að setja upp átta stúdentsbrautir í námskrárgrunninum og þær hafa hlotið samþykki ráðuneytisins. Starfs- og verknámsbrautir eru sjö talsins. Það eru tvær starfsbrautir við skólann.

Framhaldsskólabrautirnar eru 9. Markmiðið með framhaldsskólabrautunum er að búa til farveg fyrir þá nemendur sem eru óráðnir eða ráða ekki við hefðbundið bóknám en stefna í ákveðin störf á almennum vinnumarkaði. Sú nýjasta var sett upp í samstarfi við Fisktækniskólann og kallast Bláa hagkerfið. Þeir nemendur sem taka hana geta síðan haldið áfram og lokið námi frá Fisktækniskólanum.

Skólinn var með samning við fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar varðandi þjónustu sálfræðinga. Vegna mikilla anna hjá sálfræðingum skrifstofunnar var ekki hægt að endurnýja hann. Það er vilji og stefna skólans að halda þeirri þjónustu áfram og því var auglýst eftir sálfræðingi til starfa en það bar ekki árangur. Einnig var leitað til HSS um þessa þjónustu en hún var ekki í boði fyrir skólann. Því var brugðið á það ráð að auglýsa eftir félagsráðgjafa í 50% starf og var slíkur ráðinn. Þetta verkefni hefur gengið vel og er vissulega þörf fyrir það (A1).

Áfram hefur verið unnið að því að útfæra og prófa verkefni sem nýst gætu við starfsþróun kennara. Þar er miðað við að verkefnið geti verið fyrirmynd að stuðningi við kennara og við innleiðingu á lærdómssamfélagi í skólastarfi og menntun án aðgreiningar. Framtíðarsýn skólans var sett fram en hún er liður í starfsþróun kennara og markmiðið að það nýtist til að efla lærdómssamfélagið við skólann.

Matsnefnd skólans sér um innri úttektir á skólastarfinu og áætlun hennar má sjá á heimasíðunni <https://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/mat-a-skolastarfi>. Niðurstöður matsins og úrbótaáætlun má sjá í sjálfsmatskýrslu sem má nálgast á heimasíðunni og einnig er hún birt í skólaskýrslunni <https://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skyrslur-og-samningar>. Í skólaskýrslunni má einnig lesa um annað sem unnið var að á liðnu ári.

Ytri úttekt var gerð á starfsemi skólans á haustönn 2022 á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis og má sjá skýrslu um matið á vef skólans. <https://www.fss.is/is/skolinn-starfid/syn-stefnur-og-aaetlanir/skyrslur/adrar-skyrslur-og-samningar>

Í innra mati skólans hafa alltaf verið sett markmið varðandi þætti sem eru taldir skipta máli fyrir gott skólastarf en þetta eru hvatning, hrós og líðan nemenda (A2). Þetta eru atriði sem stjórnendur vilja fylgjast með og gera það í gegnum kennslumatið.

Brotthvarf

Eitt af markmiðum í stefnuskjali skólans er að efla stuðning og aðhald með nemendum til að draga úr brotthvarfi úr námi (A1). Erfitt er að segja nákvæmlega til um brotthvarfið á liðnu ári vegna COVID-19 faraldursins, sér í lagi á vorönninni. Ástandið kom róti á marga nemendur og ljóst að aðhaldið með nemendum var öðruvísi fyrir vikið. Ekki er að sjá að brotthvarf meðal nemenda hafi aukist og kemur þar margt til. Brotthvarfið er svipað hvað fjöldi snertir báðar annir en hlutfallslega væri það meira á vorönninni þar sem heildarfjöldi nemenda á þeirri önn er lægri. Það er einnig athyglivert að sjá að brotthvarfið er mun meira meðal drengja en stúlkna og á báðum önnum. Einnig er forvitnilegt að skoða hvernig það er miðað við aldur nemenda en það má sjá í töflunum hér að neðan.

Kennarar voru duglegir að hringja í nemendur og hvetja þá áfram við námið. Auk þess höfðu námsráðgjafar einnig að hafa samband við nemendur til að kanna stöðuna hjá þeim og hvetja þau áfram. Alltaf er verið að vinna í því að draga úr brotthvarfi og ljóst að þær aðgerðir sem hefur verið gripið til hafa skilað árangri og er það vel.

Töflurnar hér að neðan sýna aldur (fæðingarár) þeirra nemenda sem hættu í námi, skipt eftir kynjum. Þarna má sjá að flestir þeirra sem hætta eru í aldurshópnum 17-18 ára og svo þeir sem eru eldri en 20 ára. Það er forvitnilegt að spá í ástæður brotthvarfs eftir önnum en í elsta aldurshópnum er hlutfall stúlkna hæst sem er að hverfa frá námi. Hlutfallslega fleiri stúlkur hætta sem nýnemar á haustönn en drengir en mest brotthvarf drengja á haustönn er þegar þeir eru á 18-19 ári.

Tafla 9 Brotthvarf á vorönn 2022

Fæðingarár	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %	Alls %
2000 og fyrr	2	5	7	8,0%	29,4%	16,7%
2001	4	1	5	16,0%	5,9%	11,9%
2002	3	2	5	12,0%	11,8%	11,9%
2003	4	5	9	16,0%	29,4%	21,4%
2004	7	2	9	28,0%	11,8%	21,4%
2005	5	2	7	20,0%	11,8%	16,7%
Alls	25	17	42	59,5%	40,5%	

Tafla 10 Brotthvarf á haustönn 2022

Fæðingarár	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %	Alls %
2000 og fyrr	4	4	8	12,5%	36,4%	18,6%
2001	2	1	3	6,3%	9,1%	7,0%
2002	3	2	5	9,4%	18,2%	11,6%
2003	6	0	6	18,8%	0,0%	14,0%
2004	9	1	10	28,1%	9,1%	23,3%
2005	4	1	5	12,5%	9,1%	11,6%
2006	4	2	6	12,5%	18,2%	14,0%
Alls	32	11	43	74,4%	25,6%	

Lykilatriðið varðandi brotthvarf virðist felast í jákvæðum og góðum samskiptum nemenda og kennara. Stjórnendur skólans eru staðráðnir í að halda áfram að leita leiða til að draga úr þessu brotthvarfi og auka um leið fjölda útskrifaðra. Árangurinn næst ekki í einu vettvangi en áfram verður haldið að vinna að því að draga úr brotthvarfi.

Útskrifaðir nemendur

Alls voru 174 nemendur útskrifaðir frá skólanum árið 2022, 87 karlar og 86 konur. Auk þess voru nemendur á almennri braut og framhaldsskólabraut útskrifaðir óformlega við lok hvorrar annar. Markmiðið hefur verið að fjölga þeim nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma (A2). Fjöldi útskrifaðra þetta ár var heldur lægri en á síðasta ári. Skipting útskrifaðra á annir var eins og taflan sýnir. Hafa ber í huga að einhverjir útskrifuðust af fleiri en einni braut en eru bara taldir á þeirri braut sem var lengri. Fjöldi karla og kvenna sem útskrifast er nánast sá sami. Hlutfall útskrifaðra eftir kyni helst í hendur við fjölda nemenda á brautunum.

Tafla 11 Útskrifaðir nemendur árið 2022

Útskrifaðir alls 2022	Vor 2022			Haust 2022				Alls 2022				Fjöldi sem lauk prófi 2022		
	Alls	KK	KVK	Alls	KK	KVK	X	Alls	KK	KVK	X	KK %	KVK %	Alls %
Stúdentsbrautir bóknám	56	27	29	27	8	19		83	35	48		40,2%	55,8%	47,7%
Stúdentsbrautir starfsnám	24	13	11	11	8	2	1	35	21	13	1	24,1%	15,1%	20,1%
Starfs- og verknámsbrautir	23	15	8	20	6	14		43	21	22		24,1%	25,6%	24,7%
Starfsbrautir	10	8	2					10	8	2		9,2%	2,3%	5,7%
Framhaldsskólabrautir	1		1	2	2			3	2	1		2,3%	1,2%	1,7%
Alls	114	63	51	60	24	35	1	174	87	86	1	50,0%	49,4%	

Meirihluti stúlkna sem útskrifast ljúka stúdentsprófi eða 71%. Hlutfall drengja sem ljúka stúdentsprófi er rúmlega 64% en þetta er í takt við kynjahlutfall á námsbrautum. Fróðlegt er að hlutfall stúlkna er mun hærra en hlutfall drengja á bóklegum stúdentsbrautum en síðan snýst þetta við þegar horft er á stúdentsnám á starfsnámsbrautum. Tæp 68% útskrifaðra eru að ljúka stúdentsprófi. Svipað hlutfall drengja og stúlkna er að ljúka prófi af starf- og verknámsbrautum eða um fjórðungur. Fleiri drengir eru að ljúka námi af starfsbrautum en það er í hlutfalli við fjölda drengja á þeim brautum. Útskriftarhópurinn er því nokkuð kynjaskiptur hvað brautir varðar. Rétt er að hafa í huga að fjölmargir útskrifast af framhaldsskólabrautum en eru ekki inni í þessum tölum.

Starfsfólk

Fjöldi starfsfólks var 92 á vorönn; 70 kennarar, stjórnendur og ráðgjafar, 2 stundakennarar og 20 aðrir starfsmenn. Á haustönn var fjöldi starfsfólks 102; 72 kennarar, stjórnendur og ráðgjafar en þar af var einn í veikindaleyfi og annar í orlofi, stundakennarar voru 8 en aðrir starfsmenn voru 20. Ræsting er samkvæmt útboði.

Kynjahlutfallið var mjög svipað innan kennarahópsins. Hlutfall kvenna meðal annars starfsfólks er eins og áður hærra en karlar voru fleiri í hópi stundakennara.

Skipurit er á vef skólans og þar má fá innsýn í stjórnkerfi hans. <https://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skipurit>.

Eftirfarandi tafla gefur smá sýn á nokkra þætti mannaúts miðað við haustönn 2022.

Tafla 12 Upplýsingar um starfsfólk haustönn 2022

Meðalaldur kennara	49,2 ár
Meðalaldur allra starfsmanna	47,9 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í FS	10,6 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í heild	14,6 ár
Viðbótarorlof samtals	1582,8 klst.
Aldursafsláttur samtals	2714,4 klst.
Heildarkennslumagn á önn	78617 klst.
Heildarkennslumagn á viku	4367,6 klst.
Skerðing vegna endurtekningar áfanga	1170 klst.
Aukaverkefni skv. C-hluta	3245 klst.

Það hefur orðið endurnýjun í stéttinni og eldri kennarar verið að hætta og fara á eftirlaun. Þetta kemur fram í lækku á aldursafslætti frá því sem var. Einnig má sjá að meðalstarfsaldur í kennslu í skólanum hefur lækkað þó meðalaldur kennara sé nánast óbreyttur, þá lækkar meðalaldur allra starfsmanna. Viðbótarorlofið hækkar vegna þeirrar breytingar sem gerð var þar sem allir fengu sama orlof óháð aldri. Kennslumagnið hefur aukist vegna fjölgunar nemenda og síðan hafa aukaverkefnum fjölgað vegna fjölgunar sérverkefna.

Fjármál og rekstur

Það er stefna skólans að halda sér innan ramma fjárlaga og það hefur gengið eftir til þessa. Niðurskurður undangenginna ára hefur bitnað á búnaðarkaupum og endurnýjun búnaðar því nokkuð setið á hakanum. Afgangur af fjárveitingum hefur verið nýttur í endurnýjun búnaðar og kennslutækja. Undir lok haustannar fékkst afgangur síðasta árs loksins yfirfærður. Þá var hægt að uppfæra búnað sem lengi hafði verið beðið með að kaupa og var það mjög kærkomið. Farið var í að endurnýja borð í matsal skólans og kaupa inn kennslutæki sem kominn var tími á endurnýjun á. Settar voru upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla á bílastæðinu.

Varðandi reksturinn er mikilvægt að vita á hverjum tímapunkti úr hve miklu er að spila.

Rekstraryfirlit er í viðauka aftast.

Samstarf

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur í gegnum tíðina átt gott samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og er þetta samstarf fjölbreytt og snertir alla þætti skólastarfsins. Stjórnendur þessara skóla funda reglulega. Einnig er samstarf starfsnámskóla á landinu gott og stjórnendur þeirra funda hálfmánaðarlega, oftast á Teams, þar sem farið er yfir þau mál sem snerta iðn- og verknám sérstaklega.

Gott samstarf er við Flensborgarskóla og Fjölbrautaskólann í Garðabæ og stjórnendur þessara skóla hafa hist reglulega. Þessir skólar voru saman með kennslustjóra í fullu starfi sem samstarfsverkefni en því hefur verið hætt.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja á gott samstarf við grunnskólana á svæðinu og funduðu stjórnendur skólans með stjórnendum grunnskólanna þar sem farið var yfir niðurstöðu fyrstu prófa í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði, skipt eftir skólum, eins og áður hefur verið gert. Rætt hefur verið við grunnskólana um frekara samstarf sem miðar að því að auka fljótandi skil milli þessara tveggja skólastiga.

Samstarf hefur einnig verið við Fjölsmiðjuna á Suðurnesjum um að taka nemendur frá þeim í einn til tvo áfanga á önn, eftir því sem hægt er og hefur það gefist vel. Í tengslum við Menntanet Suðurnesja hefur verið gott samstarf við aðrar menntastofnanir á svæðinu.

Annað

Það er margt sem gerist á heilu skólaári. Ekki er ástæða til að rekja það allt hér en þar er bent á skólaskýrslu sem er gefin út í lok hvers skólaárs og er aðgengileg á heimasíðunni, <https://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skyrslur-og-samningar>.

Því miður var ekki boðið upp á verkleg námskeið í samstarfi við vinnuskóla Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar eins og verið hefur undanfarin vor. Sveitarfélögin hafa staðið að þessu verkefni og greitt kostnað en skólinn lagt til aðstöðuna. Vegna niðurskurðar hjá sveitarfélögunum varð ekki af þessu verkefni á árinu.

Kynningarfundur fyrir nemendur 10. bekkja og forráðamenn þeirra var haldinn á vorönninni eins og undanfarin ári. Skólinn var þá opinn frá kl. 17:00 til 18:30 og var aðsókn góð. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu skólann og námsframboð og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna enda mikilvægt að íbúar svæðisins þekki skólann, námsframboðið og aðstöðuna sem í boði er. Kynningarfundur með foreldrum eða forráðamönnum nýnema var haldinn í upphafi haustannar og þar var foreldrafélag skólans endurvakið en starfsemi þess lagðist af í COVID-19 faraldrinum.

Boðið hefur verið upp á síðdegisnám í rafvirkjun og sá hópur sem byrjaði í því er nú kominn að því að klára og fer að útskrifast. Á haustönn var unnið að því að skoða hvort grundvöllur og áhugi væri fyrir því að stofna námsbraut í pípulögnum og útlit er fyrir að boðið verði uppá það nám í haust ef næg þátttaka fæst. Í tengslum við Menntanet Suðurnesja hefur verið unnið að því að koma á fót FAB Lab stofu Suðurnesja sem stefnt er að því að opni í haust og staðsett verður í húsnæði skólans.

Frekari upplýsingar má fá í skólaskýrslu á heimasíðu skólans <https://www.fss.is/is/skolinn-starfid/syn-stefnur-og-aaetlanir/skyrslur/skolaskyrslur>

Viðauki - Rekstraryfirlit

	2022	2021	2020	2019	2018
Heiti	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur
Dagvinna	717.547.843	691.774.333	665.684.116	613.046.098	604.608.053
Aukagreiðslur	5.758.507	5.458.634	-104.588	23.242.925	5.816.860
Yfirvinna	288.244.979	277.469.025	281.893.575	218.756.196	224.481.590
Launatengd gjöld	231.168.561	219.420.919	215.287.605	196.724.599	193.653.278
Orlofsskuldbinding	13.507.024	-13.178	13.086.049	-3.370.938	19.660.824
	1.256.226.914	1.194.109.733	1.175.846.757	1.048.398.880	1.048.220.605
Fundur, námskeið og risna	8.522.462	9.773.490	7.689.285	8.125.030	6.080.937
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	136.840	0	0	171.212	540.412
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	4.411.112	604.642	706.217	1.820.636	1.355.039
Akstur	2.894.797	1.977.514	2.082.363	3.010.998	2.973.530
	15.965.211	12.355.646	10.477.865	13.127.876	10.949.918
Tímarit, blöð og bækur	669.762	937.665	822.017	1.051.338	1.137.664
Skrifstofuvörur og áhöld	7.490.659	6.373.598	7.365.998	6.342.821	6.662.769
Aðrar vörur	52.930.855	45.823.740	29.558.783	36.830.878	35.608.326
	61.091.276	53.135.003	37.746.798	44.225.037	43.408.759
Önnur sérfræðipjónusta	34.646.796	32.638.139	20.950.981	15.899.967	15.067.734
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	5.925.449	6.271.827	5.079.291	4.759.875	3.485.685
Prentun,póstur, augl., flutningar	2.414.338	3.137.367	2.886.475	2.214.428	2.018.194
Sími og ýmis leigugjöld	4.047.572	3.543.041	3.402.906	4.195.631	3.183.513
	47.034.155	45.590.374	32.319.653	27.069.901	23.755.126
Verkkaup og byggingavörur	239.349	4.995.426	4.060.915	1.682.406	3.549.134
Rafmagn og heitt vatn	16.248.297	15.735.441	15.043.094	15.247.087	15.574.867
Húsaleiga og aðk. ræsting	280.830.265	261.875.190	249.936.927	244.098.790	117.910.460
	297.317.911	282.606.057	269.040.936	261.028.283	137.034.461
Brennsluefni og olíur	154.807	29.410	78.350	152.250	46.376
Verkstæði og varahlutir	113.418	76.304	622.514	339.869	309.554
	268.225	105.714	700.864	492.119	355.930
Vextir, bætur, skattar	162.564	1.205.198	145.249	293.705	142.257
Afskriftir eigna	20.652.121	20.357.444	18.221.264	16.227.592	16.403.302
Tilfærslur	696.992	682.721	364.895	98.500	202.502
	21.511.677	22.245.363	18.731.408	16.619.797	16.748.061
Samtals gjöld	1.699.415.369	1.610.147.890	1.544.864.281	1.410.961.893	1.280.472.860
Sértekjur	-120.676.936	-78.201.830	-77.893.237	-65.987.423	-78.600.569
	-120.676.936	-78.201.830	-77.893.237	-65.987.423	-78.600.569
Aðrar rekstrartekjur	-11.976.000	-12.294.000	-12.102.000	-11.148.000	-11.544.000
	-11.976.000	-12.294.000	-12.102.000	-11.148.000	-11.544.000
Framlag ríkissjóðs	-1.634.703.003	-1.488.149.302	-1.478.713.979	-1.344.706.088	-1.208.913.470
Framlag til afskrifta	-20.652.121	-20.357.444	-18.221.264	-16.227.592	-16.296.509
	-1.655.355.124	-1.508.506.746	-1.496.935.243	-1.360.933.680	-1.225.209.979
Samtals tekjur	-1.788.008.060	-1.599.002.576	-1.586.930.480	-1.438.069.103	-1.315.354.548
Gjöld ekki tiltekin	0	0	0	0	0
	-88.592.691	11.145.314	-42.066.199	-27.107.210	-34.881.688